

HEIMSKRINGLA

THE VIKING PRESS, LTD.

Verð blaðanna í Canada og Bandaríkjunum...

O. T. Johnson, ritstjóri S. D. B. Stephanson, ráðgjafi

739 SHERBROOKE STREET, WINNIPEG P. O. Box 3171

WINNIPEG, MANITOBA, 30. JOLI 1919

Fríðarhugleiðingar.

Veraldarinnar mesta stríði er nú lokið og fríður að samþykki og staðfestast af hinum ýmsu stríðslöndum.

Prátt fyrir hinar umfangsmiklu fríðartilraunir stórbjóðanna, eru horfur víða allt annað en glæsilegar.

Hvergi mun útlit þjófa jafn ískuggilegt sem á Rússlandi. Par hefir átt sér stað alger skipulags breyting, öll hin gömlu lög númin úr gildi og öllum fyrverandi menningarstofnunum kollsteypt.

Við þetta væri ekkert að athuga, ef hér væri um sannar umbótakenningar að ræða og sem réttlættar hefðu verið í reyndinni.

Hverjar hafa afleiðingarnar verið? Um það hefir Maxim Gorky, hinn frægi rússneski rithöfundur og sem bolshevikar hafa skipað til forustu með mentamálu þjóðarinnar, nýlega þetta að segja:

"Það skelfir mig mest að umbyltingin sýni engan vott andlegrar endurvaxningar hjá þjóðinni. Hún virðist ekki miða að því að gera menn ráðvandanari til orða eða verka, virðist ekki upphefja þá til meira sjálfráusts eða meðvitundar um siðferðilegt gildi verka þeirra.

Pannig kemst þessi víðfrægi rithöfundur að orði um umbyltinguna rússnesku, og engir munu efa hann tali af góðri þekkingu. Og þar sem bolshevisminn hefir reynt þannig í Rússlandi, eru lítil líkindi til hann reyntist betur í öðrum löndum.

Allir réttshugsandi menn þrá sannar umbætur og líta fúslega öllu fylgi, sem líklegt er að leiða til meiri framfarar fyrir mannfélagið og aðrir andlegrar þróskunar. En framsóknar-

þrá þeirra er miðuð við þá sannreynd, að ekkert gott geti leitt af að lagt sé út í það ómögulega og óframkvæmanlega.

Allar umbætur, af hvaða tagi sem eru, verða að miðast við það, að hér á jörðinni verða mennirfir jafnan menn en ekki englar.

Sjálftæðis Islands minst á Kúba.

Í blaðinu "La Noche", sem gefið er út í Havanna á Kúba, stóð fyrir nokkru ritstjórnargrein, sem heitir: "Nýtt ríki: Island".

Sigur meðal annars svo í þeirri grein: "Konsúl Dana í Havanna hefir alveg nýskæð tilkynnt, að danska stjórnin hafi víðurkent Island sem fullvalda ríki, samkvæmt lögum, er þing beggja ríkja, Islands og Danmerkur, hafa samþykkt.

Margir af lesendum vorum hafa sennilega eigi veitt þessari tilkynningu neina athygli, en mörgum öðrum mun þykja þetta stórmærkt tíðindi og glögg merki um það, að nú sé að renna upp hin mikla öld frelsis og lýstjórnar um allan heim."

Síðan minnst blaðið á hinar 14 greinar Wilson og telur það alveg í samræmi við þær að Island skuli nú hafa fengið fullveldi.

"En heimurinn hefir sjaldan eða aldrei þekkt neitt dæmi þessu líkt, að litils metin nýlenda, þar sem að eins eru nokkrir bændur, skuli vera sjálfstætt og fullvalda ríki með samþykki stórveldanna. Og það, sem kemur oss þó allra einkennilegast fyrir sjónir, þegar þess er gætt hvernig ástandið var fyrir stríðið, er það, að lýðveldið Island vill eigi hafa neinn gunnfána og sýnir með því, að hið nýja lýðveldi hatar styrjaldir sem hinn versta óvin mannkynsins og menningarinnar, sem heimurinn steirir sig af.

Vér samgledjumst Islandi, hinu frjálsu þjóði, sem eigi þekkir bölvun kúgunarinnar. Og vér færum dönsku stjórninni og dönsku þjóðinni heillaósk fyrir hinar heilbrigðu skoðanir og frjálslyndi þeirra."

Morgunbl.

Fáfræði rússneskrar alþýðu.

Eitt enska blaðið hér birtir nýlega all-itarlega grein um ástandið í Síberíu. Grein sú er samin af presti, sem um langan tíma dvaldi þar í landi með hersveitum bandamanna og var sjálfur sjónarvottur að öllu, er hann skrifar um. — Einn kafli greinar hans hljóðar sem fylgir:

"Hafa verður þrætt í huga til þess að geta skilið Rússland. Fyrst og fremst hina miklu fáfræði stórs þorra þjóðarinnar, þar frá sjöttu til áttatíu hundrað ára löngu er með öllu óþykkst; í öðru lagi hið langvarandi fyrirkomulag byggt á ránum og þrettísi, og í þriðja lagi hina miklu miðhrörnun og eyms, sem stjórnarbyltingin hafði í för með sér.

Tötralegur hermaður stóð á verði fyrir framan skotfærubú í Vladivostok. Stutt samræða við hann leiddi í ljós, að hann hélt England og Frakkland vera samföst lönd. Tyrkland hélt hann í þriggja daga vegalegd "fyrir handan hæðirnar" og sannfærir hans var að Rússar hefðu borið sigur úr býtum í stríðinu við Japana. Þannig eru hugmyndir hvers algengs rússnesks bónda um það, sem liggur langt fyrir utan takmörk hans eigin þorps. Í ánað sinn kom þinn manna okkar inn fyrir svæði það, er vörður þessi átti að gæta, og nam þar staðar til að taka upp spitu. Á sama augnabliki réðist vörðurinn að honum með brugðnu byssuspjoti og skipaði honum að sleppa spítunum og hafa sig allan á brott. Virtist sem vörður þessi væri hinn skyldurækasti við stórþín. — Fyrir 10 rúblur var þessi sami maður þó fús að snúa að þér baki og leyfa þér að hafa á brott maskinubyssu, stórbýssu eða hvað annað sem væri.

Einn af fyrirliðum okkar kom að rússneskum hermanni sofandi á verði, tók rifill hans og lagði svo leið sína inn í skotfærubúrið. Þegar hann hafði séð alt er hann lýsti að sjá, kom hann út aftur og skilaði riflinum án þess að raska ró varðarins hið minsta. Fékk þá ekki stílt sig um að vekja hann og segja honum "ögn til syndanna". — Allur agi nú svo stórkostlega niðurbældur að nærri mátti ótrúlegt heita. Með stjórnarbyltingunni hafði fengist frelsi, um stundar sakir að minsta kosti; skifti engu hvaða flokkur komst til valds, hverjum einum leyfðist að hafa framferði sínu eftir eigin geðþótta. Leiddi þetta til viðtækra siðspillingar og niðurbörnunar. Hvernig sem skipulag kemst á aftur, mun útheimta langan tíma að menta þjóðina til viðurkenningar á skyldum sínum og ábyrgð.

Fakunandi og lítt þroskaðu fólk er jafnan gjarn til að láta heillast af þeim, sem síðasta

hefir orðið, þetta gerir grein fyrir hinum mörgu og oftast skyndilegu umskiftum á Rússlandi, sem óskiljanleg hafa verið Vesturheimspjóðum. Þegar íbúarnir með skriflegu eða hafa smíst gegn einhverjum einstakling aðra stundina og hina stundina svo feli hófug tár yfir öllu saman. Þetta gerir grein fyrir hinum miklu áhrifum og góða gengi "gutlarans" Kerensky, er uppbyggilega hugmynd átti ekki til og skorti alt hugrekki — fékk þó um tíma hafist til hárra valda með eintómum krafti mælsku sinnar.

Easkur verkfræðingur, sem dvaldi hefir í Síberíu í síðast lönd fíntán ár og hafir þar umsjón með tveimur eirnámum skamt frá aðal-járnbrautinni, varð tilneyddur að loka annari þeirra þegar stríðið skall á. Verki við aðra námuna hafi hann þó getað haldið áfram og þrátt fyrir allar byltingar síðustu tveggja ára. En það útheimti mikla áreynslu og aðallega varð honum þetta mögulegt af því að verkamenn hans þektu hann. Mánuð eftir mánuð varð hann að halda yfir þeim ræður, stundum tvisvar á viku. Hvað eftir annað voru þeir reiðubúnaðir að fara, lögðu fram allar mögulegar kröfur og höfðu í hötumum að hrifsa námuna á sitt vald, eftir að hafa verið heillaðir af einhverjum æsingamanni og postula Bolshevismans. En verkveitandi þeirra stefndi þeim saman, reddi ágreiningsmáli við þá frá öllum hlíðum og með mestu þolinmæði sem væri hann að tala við hálfþroskaða unglinga. Þannig fékk hann haldið þeim kyrrum og verkið við námu þessa hélt áfram í lok síðasta aprílmánaðar. Dæmi þetta nægir að sanna, hve afar örðug úrlausnar öll vandamál Rússlands verða, þangað til ábyggileg stjórn kemst þar til valda er þjóðin finnur sig knúða að hlýða.

Það var sökum valdaskorts að stjórn Lvoff þrún og Kerensky hrundi til agna. Eins og "lita anna stjórnarbyltingarinnar" sagði: "Ef bandþjóðirnar hefðu sent 50 þúsund hermenn undir eins í byrjun, hefði þjóðstjórn á Rússlandi aldrei verið kollsteypt." Vafalaust hefir hún þar alveg rétt fyrir sér, því eingöngu sökum liðskorts, sökum vöntunar á nægilegum heraflla vapð fall rússneskrar þjóðstjórnar óumflýjanlegt. Á pappírnum var stefnskrafin hin æskilegasta, en ekkert afl til á bak við svo hægt væri að framfylgja henni. Má með sanni segja að engin "yfirvöld" hafi þá verið til í landinu.

Landeignamálið var helzta teleni hinna miklu vandræða. Það var ein umfangsmeyra en kröfurnar eftir borgarlegu frelsi, frelsi til þingstjórnar, málfrelsi og ritfrelsi o. fl. — Landeignamálið var bóndans mesta áhugamál, því það fékk hann skilið. Hvað Síberíu snerti var þar þó töluvert á annan veg háttad en í öðrum pörtum Rússlands. Síberíu bóndinn átti jörð sína sjálfur. Hann hafði grætt fé á meðan stríðið stóð yfir. Vart mun finnað í Síberíu sá bóndi, sem ekki á í kistuhandaraðnanum nokkrar fornar rúblur. Skipanirnar frá Petrograd voru þar ekki eins strangar. Síbería var í meiri sjarlægð frá höfuðborginni. Íbúarnir þar höfðu meira frelsi."

Næst lýsir greinarhöfundurinn Síberíu all-itarlega og sýnir með samanburði fram á að öllu sé þar á mjög ólíkan veg háttad og þeim hluta Rússlands, sem Evrópu tilheyrir. Efnalegt sjálfstæði þar almennara og alþýðan yfirleitt á herra þroskasti, þó mörgu sé þar á bótavant enn þá. Þess vegna hefir bolshevisminn ekki náð að festa þar eins djúpar rætur.

Eftir þessu að dæma þróast bolshevisminn bezt í þeim löndum, þar seg fáfræði ríkis og alþýða er á sem lægstu þroskasti.

Hvað skyldu íslenzkir Bolshevikar hér í Canada, sem hýlla gerbyltinga kenningarar rússnesku eins og hálfeygar og göfugar "hugsjónir", segja um slíkt?

Vængjaðir vagnar.

The Gods of Asgard and Olympus, and the spirits of spirits, are inhabitants of other planets.

Forn spekingur segir Zeus (hinn gríski guð) knýi fram vængjaðan vagn (ptenon harna elauon). Menn hafa haldið að slíkt væri nokkurskonar líkingatal, og fram á 19. öld var slíkt vanþekking afsakanleg. En nú á 20. öldinni, þegar menn eru farnir að knýja "vængjaða vagna", yfir Atlantshafið, virðist tími kominn til að fara að skilja það rétt hvað það er, sem um ræðir. Einnig Swedensborg talar um engil á ferð í vængjuðum vagni í andheiminum, og í eitt skifti kveðst hann jafnvel hafa séð í andheiminum loftskip með seglum (7 minnir mig).

Til þess að skilja hvernig slíkar sögur eru til komnar, þarf ekki annað en að huga nógu vel samskyngjunartilrænni eins og þær, sem er því sagt frá í Lögréttu einu sinni. Stúlkur tvær gerðu þess konar tilraunir með um-


sjá vísindamanna. Einu sinni var vegalengdin milli stúlkanna víðlíka og frá Seyðisfirði til Færeyja, og í þessari sjarlægð gat önnur stúlkun fengið hina til að sjá það sama, sem hún sá. Önnur sá "eins og í huga sínum" það sem hin hafði fyrir augum. Það eru til at-huganir, sem gera það mjög líklegt að samskyngjun manna geti átt sér stað, þó að annar sé á Englandi en hinn á Nýja Sjálandi. En það er nálægt því, sem lengst getur orðið manna á milli á jörðu hér. Yfirleitt virðist sjarlægðin ekki koma hér svo mjög til greina, og samskyngjun getur komist á, jafnvel þó sjarlægðir himingimsins séu á milli. Þegar Swedensborg hyggur, að hann sé staddur "á hæð nokkurri í andheiminum, og sjái "engil" á vífa í loftinu, þá er sú skýring, að þetta sé ekki annað en hugarburður spekingins, svo langt frá því að vera vísindaleg, að hún styðst í rauninni ekki við neitt annað en hugarburð. Hin vísindalega skýring er sú, að þarna hafi samskyngjun átt sér stað, Swedensborg hafi séð "í huga sér", það sem maður á öðrum hnetti leit augum. Og alveg sama máli er að gagna, þegar gríski spekingurinn "sér í huga sínum" Zeus vera á ferð í vængjuðum vagni. Slíkt verður fyrir skynjunnarsamband við einhvorn á öðrum hnetti, þar sem eiga heima þessar verur, sem Gríkkir kölluðu guði.

Það er talvert þjóðingarmikill fróðleikur, sem hér ræðir um. Þegar menn vita þessi sannindi saman, munu þeir geta fært sér í því afl, sem verður mjög mörgum sönnum áhrifameira en rafmagn. Er þetta ekki sagt, af því eð búið svo mjög við því, að menn munu hyggja það rétt vera. En þó vil eg hýja menn að ihuga svolitö sögu þekkingarinnar á jörðu hér. Það er varla of sagt, að öllu öðru hafi menn verið fljóttari til að trú, heldur en einmitt því sem sannast var og merkilegast. Öllum öðrum hefir verið auðveldara að fá menn í lið með sér, heldur en þeim, sem fundið höfðu hin merkilegustu sannindi. Og fram á vora daga er alt annað starf betur þakkað og launað, heldur en það sem vandfengnastir eru menn til að vinna. En í dag þarf ekki annað en upp-götvanirnar, sem gerðar eru, séu nógu stórkostlegar, til þess að vitringurinn fái að heyrja þetta hið fornkefna gagnavart slíku mönnum: Þú ert vitlaus, þú ferð með rugl. Langt aftur í fornöld var það sagt við Anaxagoras, þegar hann leitaðist við að kenna mönnum að sólin væri ekki guð, heldur glóandi efni. Hér um bil 2000 árum síðar var það sagt af Brúnó, þegar hann lét í ljós þá stórmærkilegu hugsun, að það væri ekki einungis til ein sól, heldur óendanlega margar sólar og sólkrefi. Og enn á vorum dögum fær sá maður að heyrja þetta ár eftir ár, sem fært hefir út á stórkostlegan hátt þekkinguna á stjörnunum (einmitt á þann hátt sem búast mátti við af jafdræðingum), og fundið þá leið, sem liggur til fullkomins sigurs fyrir vísindin og lífið.

Helgi Péturs.

Suður-Jóttland

Eftir 1870 fóru Þjóðverjar að "þýska" skólana í Suður-Jóttlandi. Fyrst framan af voru það einstakir þýzkir kennarar, er leituðust við að lauma þýzkukenslunni inn, og á stóku stöðum báðu þýzklandar Suður-Jóttar. — Hinir svo kölluðu "Helma-Þjóðverjar" — um þýzkukenslu og þýzka guðspjónustu. Fyrst var stjórnin nokkuð treg, en 1871 var þýzkukenslu komið á í öllum alþýðuskólum í Norður-Sjlesvík, og í jafnaði stjórnin þýzkustundunum jafnt og þétt, þrátt fyrir megra móttöðu flestra landsmanna. Lífið gagn var þó að þessari kenslu, enda voru kennararnir færir svo vel að sér í þýzku, að þeir gætu kent hana. En samt sem áður hélt stjórnin áfram að hýlga þýzkustundunum og flekka þeim dönsku. Jafnframt var öllum skólum einstakrá manna og 1906 hólanum í Róðding lokað, og það var bannað að senda börnin til



Dodd's Kidney Pills, 50c askjan, eða sex óskjur fyrir \$2.50, hjá öllum lyfslöndum eða frá The DODD'S MEDICINE Co. Toronto, Ont.

The DODD'S MEDICINE Co. Toronto, Ont.

náms til Danmerkur. Menn gótmæltu og sendu bænarskrár, en alt kom fyrir ekki. 1888 var danska afnámunin sem námsgrein og eftir uru einar þrjár—þrjár stundir á viku í kristinfræði, þar sem dönskumál var haldið sem kenslumáli. Landsmenn reyndu þrásinis að fá stjórnina til að breyta þessu fyrirkomulagi. Þeir sendu ávörpi og bænarskrár inn í ríkisþing, landsþing og fylkisþing og kirkjuþing, þar sem beðið var um tveir kenslustundir í dönsku. Það væri ómögulegt að kenna kristinfræði á dönsku, ef engin dönskukensla væri. Enda varð líka að verja miklu af kristinfræðiskenslunni í dönskukenslu. Stjórnin laufteyrist alveg við þessum réttmætu og afar líflífveru tilnefningu, þau urðu að eins til þess, að hún gerði alt til þess að útrýma líka dönsku kristinfræðiskenslunni. Enda varð henni víða ágegn í því efni.

Til varðveizu móðurmálinu, sem var svo mikil hætta blán af öllum þessum árásum, stofnuðu Suður-Jóttar 1880 "Hil dönska málverndarfélag", sem eitthvað 600 félagar voru í fyrir stríðið. Það hefir stofnað um 160 dönsk bókasöfn víðsvegar um Norður-Sjlesvík og gefið þeim 100,000 bókum og smáum til heimilanna, þ. e. a. s. 8800 bókum á hverju ári ásumt 76,000 löndunardráttum og myndum. Stórt aðal-bókasafn er í fundarhúsinu "Folkheimi" í Opin-eyri. 1892 var emnfremur "Skólafræðis" stofnað (í því voru 9000 félagar fyrir stríðið), og hefir það stutt um 6000 unga Suður-Jóttar til náms í Danmörku, einkum á lýðskólum og eftirskólum. Börn var, eins og áður er tekið fram, bannað að senda í lönd lenda skóla. En forleðrar hafa margir sjálfir veitt börnunum sínum tilsiðni í móðurmálinu — eftir löngum. Ekki allir gátu þó þetta, og öðrum var bannað að kenna börnunum, þó þeir gerðu það ókeypis. Jafnvel kensla í leikfimi og veinaði var bönnuð Dönum.

Fyrstu árin eftir 1864 voru almargir danskir prestar og kennarar í Norður-Sjlesvík, en þeim flekkaði öðum. Flestir prestar eru nú Þjóðverjar, og eru flestir þeirra vel ferdir í dönskumál, þó að þeir séu skýlir til þess að þræfka á dönsku einnast hvar. Margir þeirra hafa einkast slétt sér fram í stjórnmál, svo sem hinn hlærmið séra Chr. Jacobsen (áður í Skerbeck). Einkum löngu margir þeirra sig í líma til þess að koma á þýzkri guðspjónustu í sem flestum kirkjum og jafnframt það flekka dönsku guðspjónustunum. Eins tældu þeir mörg fermingarborn til að láta ferma sig á þýzku. Margt af þessu tókst þeim. Ekki var fengist um það, þó að þýzku guðspjónusturnar yrðu illa sóttar, þó að margir þeir, sem fengir voru til að "þýzka" um þýzka guðspjónustu, kæmu aldrei í kirkjuna, enda voru sumir þeirra henni fráhræfir. (Fransh.)

Mannfallið í Heimsstyrjöldinni

Ein af yfirheraðföðingjum Bandaríkjana, March, hefir nú lokið rannsóknum um hve margir hafi fallið í heimsstyrjöldinni. Niðurstaðan hjá honum er þessi: Alls hafi fallið nálægt 7,354,000 manns. Af þeim eru 1,100,000 Þjóðverjar, 1,305,000 Frakkar, 706,000 Enslandingar, 460,000 Ítalir og 50,000 Ameríkumenn.

Brjóstmyndin af Sir Wirlid Laurier, eftir Þorstein Þ. Þorsteinsson, kostar \$1.00. Myndin best keypt í Winnipeg hjá útgafanda, 738 McGee St., Finni Johnson, 698 Sargent Ave. og Hjalmar Gjalasay, 506 Newton Ave. — Einnig hjá útöslumönnum í byggum Íslandna.